



Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, nóvember 2019
Þingskjal 373 - 329. mál

Efni: Umsögn Ungra jafnaðarmanna við frumvarp um Menntasjóð námsmanna

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur gegnt mikilvægu hlutverki til þess að jafna stöðu landsmanna undanfarna áratugi. Því telja Ungir jafnaðarmenn nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir við tilætlaðar breytingar á sjóðnum. Hér fyrir neðan verður farið yfir nokkra þætti og greinar frumvarpsins.

Menntasjóður í stað lánasjóðs?

Ekki er ljóst hvernig nafnbreytingin á að endurspeglar bætt námslánakerfi¹. Þrátt fyrir að styrkirnir séu beinni í frumvarpinu en í núverandi kerfi virðist ekki vera ætlunin að kakan sé stækkuð, þ.e. að aukið fjármagn komi frá ríkinu. Ungir jafnaðarmenn taka því undir með Stúdentaráði Háskóla Íslands, að enginn vilji virðist vera til þess að auka námsstuðning. Auk þess sýnir það ákveðna vanvirðingu gagnvart þeim sem börðust fyrir stofnun Lánasjóðs íslenskra námsmanna á sínum tíma að núverandi menntamálaráðherra geti sagst hafa „stofnað Menntasjóð námsmanna“.

2. gr. - Framfærsla

Hlutverk Menntasjóðs námsmanna (MSN) er að vera félagslegur jöfnunarsjóður² en til þess þarf að gera námsmönnum raunverulega kleift að framfleyta sér á meðan þeir eru í námi. Ljóst er að frumvarpið boðar enga breytingu fyrir námsmenn á námstíma. Innihald 2. mgr. 2. gr er óbreytt frá núgildandi lögum og segir að miða skuli við að framfærslulán nægi hverjum námsmanni til þess að standa straum af almennum framfærslukostnaði. Miðað við að íslenskir námsmenn hafa almennt miklar fjárhagslegar áhyggjur³ er ljóst að ekki hefur verið staðið við þetta markmið hingað til. Framfærslan verður enn ákveðin af sjóðstjórn og engar breytingar eru lagðar til á þeirri framkvæmd eða til að tryggja að nægt fjármagn verði í fjárlögum til þess að standa undir því. Því

¹ Sjá greinargerð frumvarps um Menntasjóð námsmanna, bls 14.

² Sjá 29. gr. frumvarps um Menntasjóð námsmanna.

³ Sjá Social and Economic Conditions of Student Life in Europe – Eurostudent VI 2016–2018: Synopsis of Indicators.

er ljóst að ekki er öruggt að stúdentum verði tryggð framfærsla til að framfleyta sér í námi. Þá er óljóst hvort að hvataáhrifin við 30% niðurfellingu við námslok⁴ hafi raunveruleg áhrif ef stúdentar þurfa enn að vinna með námi.

Frítekjumark

Einnig ber að taka fram að frítekjumark er ákvarðað í úthlutunarreglum ár hvert. Hækkun frítekjumarks hefur komið í stökkum⁵ í gildandi kerfi og til þess að koma í veg fyrir það ætti frítekjumarkið að vera bundið við launaþróun, frekar en ákvörðun sjóðsstjórnar.

4. gr. - Lánsréttur

Frumvarpið setur 420 ECTS hámark á lánshæfar einingar. Þetta er breyting frá frumvarpsdrögum í sumar, þar sem kveðið var á um 420 ECTS lágmarksrétt, en sjóðsstjórn gat hækkað það. Ekki hefur orðið breyting á greinagerð þessarar greinar frumvarpsins síðan í sumar og því óljóst hvað liggur að baki.

Auk þess setja Ungir jafnaðarmenn athugasemd við að enn er einungis veitt lán til 60 ECTS í doktorsnámi. Meðan styrkir til doktorsnáms eru af jafn skornum skammti og raun ber vitni telja Ungir jafnaðarmenn það nauðsynlegt úrræði að hægt sé að taka lán fyrir öllum einingum doktorsnáms. Ljóst er að á meðan hvorki nægt framboð styrkja er í boði né hægt að taka lán fyrir doktorsnámi er í raun verið að hamla myndun þekkingar innan íslensks samfélags.

11. gr. (3. mgr) - Ábyrgðarmenn

Krafa um ábyrgðarmann, sé lántaki ekki talinn tryggur, dregur úr félagslegu jöfnunarhlutverki sjóðsins, að tryggja tækifæri til náms án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti. Þá þarf einnig að skýra betur hvað felst í því að vera „tryggur lánþegi“.

11. gr. (6.mgr) - Samtímagreiðslur

Það er jákvætt að námsmenn geti valið að fá námslán greidd mánaðarlega og séu því ekki tilneydd til að þess að treysta á fjármálastofnanir til þess að brúa bilið þar til námslán eru greidd út. Það er ánægjulegt að sjá breytingu frá frumvarpsdrögum, þar sem eingöngu var veitt heimild til samtímagreiðslna.

19. gr. - Endurgreiðslur hefjast einu ári eftir námslok

Árin eftir námslok geta verið fjárhagslega erfið og fólk að reyna að koma undir sig fótunum. Því er óheppileg breyting að endurgreiðslur námslána hefjist einu ári eftir nám og væri betra að halda því eins og í núverandi kerfi, þ.e. að þær byrji tveim árum eftir námslok.

⁴ Sjá 2. mgr. 14. gr. frumvarps um Menntasjóð námsmanna.

⁵ T.a.m. hækkaði frítekjumark um 43% í síðustu úthlutunarreglum, en hafði þá staðið í stað síðan 2014/15.

Þá er einnig óljóst hvað átt er við með „námslok“. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að námslok séu þegar námsmaður hættir að taka lán hjá MSN, nema hann óski sjálfur eftir að fresta lokun skuldabréfsins. Til þess að koma í veg fyrir misskilning væri gott að þetta væri skýrt betur.

17. & 18. gr. - Vextir

Ungir jafnaðarmenn taka undir kröfu stúdenta um að sett verði á vaxtaþak. Hátt vaxtastig getur haft veruleg áhrif á greiðslubyrði við erfiðar efnahagsaðstæður. Við slíkar aðstæður, þegar atvinnuleysi eykst, ættu stjórnvöld að hvetja fólk til þess að sækja sér frekara nám en hátt vaxtastig námslána hefur fráhrindandi áhrif. Þar að auki þarf ekki mikið til að háir vextir éti upp ágóðann sem námsmaður fær af niðurfellingu höfuðstóls. Þá þarf ekki að líta mörg ár aftur í tímann til þess að sjá að efnahagsástandið í dag⁶ endurspeglar ekki almennt stöðuna á Íslandi.

Eins og bent hefur verið á í umræðunni virkar svipað kerfi erlendis en á Íslandi búum við við óstöðugan gjaldmiðil. Ungir jafnaðarmenn telja ljóst að nauðsynlegt sé að taka upp vaxtahámark nema vilji sé til þess að taka upp nýjan gjaldmiðil í leiðinni.

Álag vegna affalla

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir vaxtaálagi vegna væntra affalla⁷. Það er gert í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að afföllin lendi á ríkinu⁸ sem þýðir að afföll vegna ógreiddra lána lenda á öðrum lántökum. Það er erfitt að vita hve hátt vaxtaálagið verður til lengri tíma og telja Ungir jafnaðarmenn þetta óásættanlegt.

20.gr - Gjaldfelling

Kerfið er sett þannig upp að lántakar séu búnir að greiða upp lán sín fyrir 67 ára aldur. Það eru t.d. rökkin fyrir því að setja þurfi hámarksaldur á tekjutengingu. Því er ljóst að það eru mjög fáir einstaklingar sem eru ennþá að greiða af lánum á þessum aldri og miklar líkur á að það séu einstaklingar sem hafa þurft að fá frestun á afborgunum. Gjaldfelling eftirstandandi láns getur orðið mjög íþyngjandi fyrir þessa fáu einstaklinga en vegna þess hve fá tilvikin yrðu, ekki mjög íþyngjandi fyrir sjóðinn. Vegna þeirra öryggisventla sem eru til staðar í frumvarpinu telja Ungir jafnaðarmenn ekki þörf á að beita svo harkalegum aðgerðum.

21.gr - Tekjutenging

Það er athyglisvert að heyra stjórnámamenn tala um mikilvægi símenntunar í fjórðu iðnbyltingunni á sama tíma og dregið er úr hvata einstaklinga yfir 35 ára til þess að sækja sér menntun með því að takmarka möguleika á tekjutengdum afborgunum við 35 ára aldur.

⁶ Vextir í dag (að frátöldu affallshlutfalli) væru um 0,9%

⁷ Sjá 17.-18.. gr. frumvarps um Menntasjóð námsmanna.

⁸ Sjá “mat á áhrifum”, bls. 21 í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna.

Í greinargerð fyrir 21. gr.⁹ kemur fram að við kostnaðarmat á frumvarpinu hafi komið í ljós að „lægsti mögulegi aldur til að tekjutengd endurgreiðsla námslána gæti staðið undir sér væri 35 ár“. Ekki er þó auðsýnt á kostnaðarmatinu¹⁰ að takmörkun tekjutengingar við 35 ára aldur sé eina leiðin til þess að láta dæmið ganga upp.

30. gr - Skipun sjóðs

Ánægjulegt er að sjá að greiðendur fái fulltrúa í stjórn sjóðsins, ólíkt gildandi kerfi.

34.gr - Lánahlutinn standi undir sér

Ungir jafnaðarmenn gera athugasemd við þá áherslu að lánahluti sjóðsins þurfi að standa undir sér¹¹. Fjárfesting í menntun skilar sér margfalt til baka til samfélagsins og því eðlileg krafa að ríkið auðveldi aðgang að námi.

Ábyrgðir

Það er ánægjulegt að sjá að í fyrirbyggjandi frumvarpi sé gert ráð fyrir að ábyrgðir af eldri námslánnum verði felldar niður¹², líkt og Samfylkingin hefur ítrekað lagt til¹³.

⁹ Sjá bls. 46 í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna.

¹⁰ Sjá “mat á áhrifum”, bls. 21 í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna.

¹¹ Sjá greinargerð frumvarps um Menntasjóð námsmanna, bls.51.

¹² Bráðabirgðaákvæði II í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna, bls. 12.

¹³ Sjá: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=150&mnr=179>